



Sjávarútvegsnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1515
komudagur 25. 3. 2002

Reykjavík 25. mars 2002.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562 mál.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að nefnd sú sem skipuð var 28. september 1999 til að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna skilaði af sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar koma fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni. Þar segir m.a.:

*„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.
Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bættu umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“*

Að áliti Alpýðusambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar né í fyrirliggjandi frumvarpi ráðherra, um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiðanna, þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni enda áttu hagsmunaaðilar enga aðkomu að þeirri umræðu sem þar fór fram.

Megin efni frumvarpsins virðist vera að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda þann 1. september árið 2004, sbr. 10. gr. þess. Þess skal getið, að fulltrúar Sjómannasambands Íslands hafa alfarið hafnað auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Það hefur hins vegar verið skoðun Alpýðusambands Íslands að nauðsynlegt sé að taka upp auðlindagjald sem hægt væri að nota sem hagstjórnartæki til þess að jafna óhjákvæmilegar sveiflur í sjávarútvegi. Hefði það t.d. verið gert á undanförunum árum, væru nú til staðar digrir sjóðir og við því betur í stakk búin til að mæta t.d. niðurskurði á aflaheimildum.

ASÍ fær þó ekki séð með hvaða hætti þessi tillaga um upptöku veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengni um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða.


Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að hækkað verði það hlutfall sem samanlagðar aflahlutdeildir fiskiskipa mega vera, sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Þetta ákvæði virðist engan tilgang hafa enda er fyrirséð að því verði breytt eftir þörfum jafnhliða því sem stórútgerðirnar stækka. ASÍ tekur undir með Sjómannasambandi Íslands að engin þörf er á að rýmka reglurnar sem nú gilda um þetta og hafnar því frumvarpinu hvað þetta varðar.

Það alvarlegasta varðandi frumvarpið er að ekkert er tekið á þeim vandamálum er lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og vegna frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförnum árum án þess að nokkuð sé að gert. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa margsinnis bent á að skark á miðunum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota. Það þarf því ekki að koma á óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskistofna. Brottkast hefur á undanförnum misserum verið fyrirferðamikill í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausum skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórnun fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina.

Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á.

Alþýðusamband Íslands telur einsýnt að frumvarpið skapi ekki þá sátt sem þarf um stjórn fiskveiða. Með frumvarpinu ekkert tekið á þörfinni fyrir sveiflujöfnun. Frumvarpið tekur heldur ekki á mikilvægum þáttum sem snúa að hagsmunum byggðanna, sérstaklega atvinnuöryggi fiskverkafólks né heldur réttarstöðu sjómanna. Með samþykkt frumvarpsins er því ekki tekið á þeim mikilvægu þáttum sem nefndinni var falið að gera að öðru leiti en því að taka á hagsmunum útgerðarinnar með því að endurskilgreina þróunarsjóðsgjaldið og kalla það veiðigjald.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.